

34

29. apríl

XI. KAFLI

Heilbrigðiseftirlit.

55. gr.

Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslumálastjórn. Skal ráðinn sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggur og hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum svo og íþróttastarfsemi. Heimilt er skólayfirlækni að fela heilsuverndarstöðvum, þar sem þær eru starfandi, eftirlit þetta.

56. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 94 23. júní 1936 og lög um breyting á þeim, nr. 44 12. febr. 1940, svo og önnur ákvæði og fyrirmæli, sem fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar, sem ekki eru komnir fullnægjandi heimangöngu- eða heimavistarskólar, skal fræðslumálastjórn í samráði við námsstjóra skipa málum í eins nánu samræmi við þessi lög sem kostur er.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

35

29. apríl

L Ö G

um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

I. KAFLI

Um stjórn landnámsmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.

Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera söm og búnaðarmálastjóra.

3. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kaup-tún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Búnaðarfélag Íslands, Nýbyggingarráð og Atvinnudeild háskólans skulu veita landnámsstjóra þá sérfræðilegu aðstoð, sem þeim er unnt.

II. KAFLI

Um landnám ríkisins.

35

29. apríl

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, einstök býli eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kaupsþún og kaupstaði.

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 2,5 millj. króna á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1947.

5. gr.

Þessi undirbúningur landsins til ræktunar, sem ríkið framkvæmir og kallast landnám ríkisins, skal vera í því fölginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, leggja um það vegi, sem tengdir eru aðalvegum nærliggjandi byggða, og ef reisa skal á því byggðarhverfi aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu, enn fremur skipuleggja á því byggð og skipta því sem sú byggð krefur.

6. gr.

Landnám þetta skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins, bæjar-, sveitar- eða byggðarfélagi. Keypt skal land í þessu skyni, þar sem þess gerist þörf, og er heimilt að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig landspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð og þær geta án verið. Eignarnám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykk og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu.

7. gr.

Áður en framkvæmdir um landnámið eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri, eftir tillögum nýbýlastjórnar, hafa látið fara fram rannsóknir um skilyrði til ræktunar, rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaða o. fl. Jafnframt skal hann hafa látið gera skipulagsupprátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, ef um byggðahverfi er að ræða, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn.

Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast.

8. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kaupsþúninu eða kaupstaðnum og sveitar- eða bæjarfélaginu í heild.

Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.

9. gr.

Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, skal það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarfélagum með skilmálum, sem nánar verða teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við þá kosti, sem landið býður til búskapar og afkomu. Nýbýlastjórn, skal, ef óskir koma fram um það, semja við búnaðarsambönd, stjórnir félaga, er hafa sett sér jarðræktarsamþykktir, eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald. Þau bæjar-

35 og sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, skulu þó tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna, að svo miklu leyti sem væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til eftir áætlun Búnðarfélags Íslands.

10. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsamböndin eða ræktunarfélög, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land þar, sem reisa á einstök býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu vélum.

11. gr.

Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skulu 2 þeirra til nefndir á fulltrúafundi hlutaðeigandi búnaðarsambands, og skal þar hafa hlutfallskosningu um val þeirra, ef óskað er, en einn af nýbýlastjórn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Skipun nefndarinnar gildir til 4 ára. Hlutverk hennar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjórn til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúnings að þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkvæmt lögum þessum. Einnig að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum laga og reglugerða, sem um þessi mál fjalla. Þá skal nefndin vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, er óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðafélag, og þeim bændum, sem eigi fá aðstoð til bygginga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

III. KAFLI

Um byggingarsjóð.

12. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður.

Stofnfé sjóðsins er:

- Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þessar stofnanir eru nú.
- Lán, er ríkissjóður veitir eða útvegar vaxtalaust, þannig að stofnféð nemi alls 10 millj. kr. 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnféð.

13. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Vaxtatekjur.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur 2.5 millj. kr. næstu 10 ár, í fyrsta skipti árið 1947.

14. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn veði í jörðum, lóðum, íbúðarhúsum og peningshúsum:

- Til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í IV. kafla þessara laga.
- Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðarhverfum samkvæmt V. kafla þessara laga.
- Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum, sem reist eru á ræktuðu landi við skiptingu jarða eða landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og byggðar, og reist verða samkvæmt VI. kafla þessara laga.

Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita herra lán en 75% kostnaðarverðs til nokkurrar einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans. **35** 29. apríl

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

15. gr.

Þegar stjórn Byggingarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu samkv. 14. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni, allt að 80% af hinu áætlaða endanlega láni, en slík bráðabirgðalán skulu greidd að fullu um leið og hin föstu lán eru afgreidd. Skál lánið veitt jafnóðum og verkinu miðar áfram. Vextir af bráðabirgðalánum þessum skulu vera 5%.

16. gr.

Byggingarsjóði skal heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

17. gr.

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu greidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 2%. Skál stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsféð eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

18. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
3. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

19. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á.

Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

20. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

21. gr.

Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

35

29. apríl

Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggðahverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

22. gr.

IV. KAFLI

Um endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum.

23. gr.

Lán úr Byggingarsjóði til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn sjóðsins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af trúnaðarmönnum Brunabótafélags Íslands, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans.
3. Að nýbýlastjórn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um, að býlið sé til fram-búðar og íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess.

24. gr.

Lán úr Byggingarsjóði skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að húsið sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að skoða megi það jafngilt nýrri íbúð.

25. gr.

Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt vegna skipulags byggingarinnar, að bæjarhús séu færð, getur Byggingarsjóður sett það að skilyrði fyrir láni til endurbyggingarinnar, að það sé gert. Hins vegar á þá býlið rétt til láns úr Byggingarsjóði til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér, að peningshús séu líka færð úr stað.

V. KAFLI

Um byggðarhverfi.

26. gr.

Þegar reist eru byggðarhverfi á landi, sem ríkið hefur áður numið samkvæmt 4.—10. gr., skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir um stofnun byggðarhverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir þeirra samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

27. gr.

Byggðarhverfi nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi. Hverju býli skulu ætlaðir minnst 12 ha til túnræktar auk nauðsynlegs beitolands, eða jafngildi þess í skilyrðum til garðræktar, vermiræktar eða annars þess, sem tryggt getur þrif býlisins. Enn njóta sama réttar í hverju byggðarhverfi býli, sem minna

land hafa, ef ábúendur þeirra hafa sem aðalatvinnuveg handverk eða önnur störf, 35
sem að dómi nýbýlastjórnar eru nauðsynleg fyrir byggðarhverfið.

29. apríl

28. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að byggðarhverfi skuli reist á landi, sem ríkið hefur áður numið, skal landnámsstjóri láta rækta 5 ha túns og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur þeirra býla, sem þar eiga að rísa. Til bygginganna fær hann lán úr Byggingarsjóði handa hverju býli í hverfinu, allt að 75% kostnaðar. Tekur síðan ábúandi, er flyzt á býlið, lán þetta að sér, en lánið skal vaxta- og afborgunarlaust þann tíma, sem það er á hendi landnámsstjóra. Við móttöku býlisins skal ábúandi, ef um kaup er að ræða, greiða 25% af byggingarkostnaði býlisins, enda telst hann þar á eftir eigandi þeirra bygginga, sem á býlinu eru, og þeirrar ræktunar, er hann hefur sjálfur framkvæmt.

29. gr.

Um leið og framkvæmd er hafin til að reisa byggðarhverfi, skulu býli þau, sem þar eiga að rísa, auglýst til kaups og ábúðar eða til leigu og ábúðar, sem einnig skal heimilt. Forkaupsrétt til kaups eða leigu skulu hafa bændur og bændasynir á þeim jörðum, er á hverfislandinu hafa verið, og þar næst ábúendur á jörðum, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði, vegna þess að þær dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

30. gr.

Ef eigandi og ábúandi býlis í byggðarhverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu. Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúp barni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi.

31. gr.

Allir þeir, sem gerast ábúendur í byggðarhverfi, skulu stofna með sér byggðarfélag. Félag þetta skal setja sér samþykktir í samræmi við lög þessi, og skulu þær til þess að öðlast gildi staðfestar af landbúnaðarráðherra eftir tillögum landnámsstjóra. Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveða, hvort rekinn skuli samvinnubúrekstur í byggðinni eða að hve miklu leyti, hvaða stofnanir, byggingar, vélar o. s. frv. skuli vera félagseign og hvernig með félagseignir skuli farið o. fl. þ. h. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setning samþykktu byggðarfélaga skulu sett með reglugerð.

32. gr.

Hver bóndi í byggðarhverfi — eða byggðarfélagið, ef um samvinnubúrekstur er að ræða, — skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því, er hann tók við býlinu nýbyggðu, enda ber honum skylda til að rækta á ári hverju a. m. k. $\frac{1}{10}$ hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

33. gr.

Ef eigandi eða leigjandi og ábúandi hverfisbýlis missir rétt sinn til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu samkv. 32. gr., skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfaranda það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati.

35 Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveðið, hvernig fara skuli að, ef byggðar-
29. apríl félög uppfylla ekki skilyrði 32. gr.

34. gr.

Byggðarfélögum og einstökum eigendum og ábúendum hverfisbýla veitist fjárhagsleg aðstoð til umbóta á býlum sínum sem hér segir:

1. Styrkur til jarðræktarframkvæmda samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna.
2. Viðbótarlán úr Byggingarsjóði með sömu kjörum og stofnlánið til stækkunar íbúðarhúss og aukningar peningshúss, að því er slík stækkun og aukning er nauðsynleg að dómi landnámsstjóra.

35. gr.

Ef 5 menn eða fleiri stofna með sér félag, er hefur að markmiði að reisa byggðarhverfi á ákveðnu landsvæði, skulu þeir senda nýbýlastjórn tillögur sínar um það, en hún lætur fara fram rannsókn á landinu. Um ákvörðun, hvort byggðarhverfið skuli reist, og framkvæmdir allar fer síðan eins og áður er fyrir mælt í lögum þessum. Þeir, sem bundizt hafa félagssamtökum um stofnun byggðarhverfisins, skulu eiga kost á að undirbúa landið til ræktunar og byggðar samkv. lögum þessum að jöfnum kostnaði og hægt er að fá slíkt gert á annan hátt eða fá atvinnu við landnámið, eins og því verður bezt við komið. Þegar þeim undirbúningi er lokið, skal þeim fengið landið í hendur til byggðar.

VI. KAFLI

Um nýbýli.

36. gr.

Nýbýli, sem verða aðnjótandi lána úr Byggingarsjóði, má jafnt reisa á ræktuðu landi með skiptingu jarða sem á landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað. Skal nýbýlið hafa minnst 12 ha lands, sem er vel fallið til túnræktar, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem að dómi nýbýlastjórnar eru ígildi þessa. Nýbýlið skal fá úrskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar, sem því verður við komið. Þar, sem félagsræktun verður ekki við komið eða fljótverkustu jarðvinnsluvélum, sbr. 10. gr., skal nýbýlastjórn heimilt að verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hvers býlis. Sé slík greiðsla miðuð við meðalkostnað við stofnun býlis í byggðarhverfi og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

37. gr.

Þegar jörð er skipt í tvö eða fleiri býli, skal þess gætt, að hvert býli hafi svo mikið landrými að dómi nýbýlastjórnar, að hægt sé að stunda þar hagfelldan landbúnað og notfæra sér nútíma tækni. Lágmark ræktaðs túns á býli sé 4 ha, þegar skipting fer fram, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þeirrar ræktunar, og auk þess a. m. k. 8 ha lands vel til túnræktar fallið, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þessarar ræktunar, ræktunarlands eða beitilands.

38. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess að stutt skuli að því, að býlið skuli reist.

39. gr.

35

29. apríl

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðarhverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

40. gr.

Ef eigandi nýbýlis vill selja það eða verður að láta það af hendi, gilda um það sömu reglur og um sölu og afhendingu býla í byggðarhverfum.

VII. KAFLI

Um viðhaldsskyldu o. fl.

41. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eða endurbyggð eru samkv. lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Byggingarsjóði að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánum úr sjóðnum, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

42. gr.

Skýlt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Héraðsnefndir nýbýlastjórnar skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

43. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsl. 30. gr., hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum, skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum

35 þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn verði eða leigukjörum, er 29. apríl samsvarar kaupverðinu.

VIII. KAFLI Um teiknistofu.

44. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

45. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán er veitt til úr Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru og stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

46. gr.

Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Teiknistofan leitar aðstoðar íslenskra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegst og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 45. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggingarfélaga skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

47. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

48. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

49. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

50. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbygginga í sveitum, sbr. 45. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til bygginganna.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35

29. apríl

51. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.

52. gr.

Um endurskoðun Byggingarsjóðs, starfsskýrslu o. fl., fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

53. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi felld lög nr. 58 frá 27. júní 1941, um landnám ríkisins, og lög nr. 108 frá 9. október 1941, um Byggingar- og landnáms-sjóð, ásamt breytingum á þeim lögum, svo og öll önnur ákvæði eldri laga, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þeir bændur, sem rétt hafa til byggingarstyrks samkvæmt lögum nr. 108 frá 9. okt. 1941 og byrjað hafa byggingu á jörðum sínum fyrir árslok 1946, en hafa ekki fengið neinn byggingarstyrk, svo og nýbýlastofnendur, sem eins stendur á um, geta valið um það, hvort þeir taka endurbyggingarstyrk eða nýbýlastyrk og sæta þeim lánskjörum, er verið hafa, eða koma undir ákvæði þessara laga um lánskjör án styrks.

Nú hefur maður fengið nokkurn hluta byggingarstyrks, og getur hann þá því aðeins fengið lán samkvæmt lögum þessum, að hann endurgreiði styrkinn.

Heimilt er og stjórn byggingarsjóðs, ef nýbýlastjórn mælir með því, að veita bændum viðbótarlán úr sjóðnum til íbúðarhúsa, sem byggð hafa verið á árunum 1943—1946.

Allar ákvarðanir samkvæmt þessum bráðabirgðaákvæðum skulu afgreiddar fyrir 1. júlí 1947.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

36

29. apríl

um byggingu gistihúss í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 5 — fimm — milljónum króna til gistihúsbyggingar í Reykjavík. Fé þetta er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

2. gr.

Gistihús það, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að reisa í félagi við bæjarstjórn Reykjavíkur, stofnanir, félög og einstaklinga.